

267. fundur 16. ágúst 2007

**Fundargerð 267. fundar hreppsnefndar Reykhólahrepps
fimmtudaginn 16. ágúst 2007 kl. 15:00.**

Fundarstaður: Fundarsalur hreppsnefndar Mariútröð 5 a, Reykhólum.

Fundargerðin færð í tölvu og er hún tvær blaðsíður að stærð.

Mættir: Gústaf Jökull Ólafsson, Rebekka Eiríksdóttir, Egill Sigurgeirsson, Karl Kristjánsson, Eygó Kristjánsdóttir og Óskar Steingrímsson fundarritari.

Gústaf setti fund og bauð menn velkomna.

Dagskrá:

Fundargerðir:

1. Fundargerð 266. fundar hreppsnefndar 26. júlí 2007. Samþykkt.
2. Fundargerð mennta- og menningarmálanefndar 14. ágúst 2007. Lið a) undir öðrum málum frestað og athugun fari fram á hvernig best verði staðið að lokuninni með tilliti til brunahólfunar hússins. Samþykkt að öðru leyti.

Til afgreiðslu:

1. Samningur við Magnús Jónsson um sölu til hans á spildu úr landi Reykhóla. Eygló Kristjánsdóttir vísar af fundi. Samþykkt að selja landið á 900.000. Sveitarstjóra og oddvita falið að ganga frá sölnunni. Eygló Kristjánsdóttir kemur aftur inn á fundinn.
2. Bréf dags. 11. ágúst 2007 frá Steinunni Ó. Rasmus með beiðni um stuðningsfulltrúa og leiðbeinanda til handa dóttur sinni skólaárið 2007-2008. Erindinu vísað til Félagsmála- og jafnréttisnefndar til afgreiðslu.
3. Bréf dags. 30. júlí 2007 frá Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu með ósk um umsögn um reglugerð um heilbrigðisumdæmi og heilsugæslustöðvar. Hreppsnefnd Reykhólahrepps mótmælir því harðlega að Reykhólahreppur sé settur undir heilbrigðisumdæmi Vestfjarða og gerir kröfu um að hreppurinn tilhreyri heilbrigðisumdæmi Vesturlands eins og verið hefur.
4. Sala á Skansinum í Flatey sem Reykhólahreppur hefur forkaupsrétt á. Fallið var frá forkaupsrétti á fundi hreppsnefndar 13. janúar 2005. Sveitarstjóra falið að útbúa yfirlýsingu til þinglýsingar.
5. Bréf dags. 25. júlí 2007 frá Jónasi Samúelssyni með tillögu um að nafni Tilraunastöðvarinnar verði breytt í Lómatjörn. Málinu vísað til nefndar sem fjallar um málið.

Önnur mál.

1. Bréf dags. 16. ágúst 2007 frá Ástu Sjöfn Kristjánsdóttur varðandi lokun á milli Jenshúss og skólahúss. Sveitarstjóra falið að ræða við Ástu Sjöfn og kynna henni sjónarmið sveitarstjórnar.
2. Tölvupóstur dags. 10. og 15. ágúst 2007 frá Siglingastofnun varðandi tilboð í dýpkun Reykhólahafnar. Hreppsnefndin leggur áherslu á að verkið sé unnið allt á þessu ári enda hefur það þegar dregist um tvö ár að framkvæma verkið.
3. Bréf frá skólastjóra varðandi skóladagatal skólaársins 2007-2008. Erindinu vísað til Mennta- og menningarmálanefndar.
4. Tillaga um að selja bifreiðina Ö-1685. Samþykkt að selja bílinn.
5. Viðhald á minnismerki um Jón Thoroddsen. Talið er að kominn sé fram galli í verkinu og sveitarstjóra falið að hafa samband við höfund verksins og þá aðila sem smíðuðu það.

Fleira ekki bókað, fundi slitið 18:00

Gústaf Jökull Ólafsson (sign)

Egill Sigurgeirsson (sign)

Rebekka Eiríksdóttir (sign)

Karl Kristjánsson (sign)

Eygló Kristjánsdóttir (sign)

Óskar Steingrímsson (sign)